

## Hmf. Borgfirðingur

### Aðalfundur 24.11.2021 – Skýrsla stjórnar

Fundarstjóri, góðir félagsmenn – velkomin til aðalfundar hér í Hjálmakletti í annað skipti á þessu ári.

Stjórn félagsins sem kosin var á aðalfundi Borgfirðings þann 17. Mars 2021 hefur verið þannig skipuð:

Ólafur Flosason, form., Halldór Sigurðsson, varaform., Brynja Gná Heiðarsdóttir, ritari, Halldór

Sigurkarlsson, gjaldkeri, Ingvar Þór Jóhannsson, Þóra Árnadóttir, Haukur Bjarnason og Baldur

Pétursson meðstjórnendur. Félagsmenn eru núna 495 talsins.

Stjórn Borgfirðings hefur á starfsárinu haldið 10 bókaða stjórnarfundi auk óformlegra funda stjórnarmanna í síma – og fjarfundarbúnaði. Ennfremur var haldinn einn félagsfundur. Þá hafa formaður og aðrir stjórnarmenn sótt formannafundi og sambandsþing hjá UMSB. Eins sótti formaður formannafund LH sem haldinn var í haust.

Stjórnin hóf starfsár sitt á að fara yfir áherslur fyrir starfið framundan og var byrjað á því að skipta nefndum félagsins niður á ábyrgðarsvið stjórnarmanna, en þar er markmiðið að hver stjórnarmaður beri ábyrgð á að starf viðkomandi nefnda sé virkjað og þá um leið að viðkomandi stjórnarmaður sé tengiliður stjórnar við þá nefnd. Þetta er liður í að dreifa starfinu í stjórninni og reyna að tengja sem best starf stjórnar við nefndir og starfsemina almennt í félaginu.

Eins og allir vita hefur Covid sett sinn svip á starfsemi félagsins – mismikinn eftir tímabilum. Síðasti aðalfundur var haldinn í mars þannig að nú eru einungis 8 mánuðir milli funda. En vonir standa þó til að allt fari að falla í eðlilegar skorður.

Nefndir voru mis starfssamar á árinu – mótanefnd hafði í nógu að snúast sem og húsnefnd félagsheimilis og umhverfisnefnd sem vann að snyrtingu og gróðursetningu. Ennfremur störfuðu af þrótti æskulýðs – og fræðslunefnd að námskeiðshaldi og öðru fræðslu og æskulýðsstarfi og

reiðveganefnd að sínu verkefni. Aðrar nefndir störfuðu lítt eða ekkert. Er orðið brýnt að finna leiðir til að virkja félagsmenn til nefndarstarfa.

Mótahald innanhúss var með allra minnsta móti á árinu, einungis eitt mót í Vesturlandsdeildinni – þrjú KB mót voru haldin og fóru þau fram utanhúss og tókust vel – ekki fjölmenn en samt ljós í tilverunni. Firmakeppni var haldin sem og gæðingamót sem jafnframt var úrtaka fyrir Fjórðungsmót Vesturlands. Íþróttamótið var síðan haldið síðla júlímánaðar og er skemmst frá því að segja að öll þessi mót tókust vel og skiluðu jákvæðri afkomu. En stærsta verkefnið sem farið var í var Fjórðungsmótið sem haldið var í júlí. Tókst það afar vel og skilaði góðri afkomu. Er það afar öflugur starfi fjórðungsmótsnefndar sem skipuð var öflugum fulltrúum allra félaga hér á Vesturlandi að þakka sem og því að vel tókst til með ráðningu framkvæmdastjóra en Magnús Benediktsson, margreyndur í svona störfum, var ráðinn til verksins.

Félagið stóð í töluverðum framkvæmdum á árinu – unnið var að viðhaldi og endurbótum innan – og utanhúss. Félagið gekk einnig í það að koma að endurbótum á Faxaborg þar sem fjárhagur Seláss ehf leyfði slíkt ekki. Var þar um að ræða nýtt gólf en furuflís var sett á gólfið. Er ekki annað að sjá en hún reynist vel – amk er betra loft og bjartara í Faxaborg eftir en áður. Fyrir síðasta aðalfund var búið að setja fjármagn í að koma upp lokuðu hitavatnskerfi í höllina. Til þessara verkefna féllst framkvæmdastyrkur frá Borgarbyggð samkvæmt reglum um framkvæmdir á vegum íþróttafélaga. Ennfremur þurfti að gera töluvert til að hafa velli félagsins og umhverfi í sem bestu standi fyrir fjórðungsmótið m.a. var lagður göngustígur í brekkunni neðan Vindáss sem tengir saman kynbóta – og gæðingavöll. Er þetta hin þarfasta framkvæmd sem tókust vel og góður rómur var gerður að. Ásamt þessu voru endurnýjaðir gluggar í félagsheimilinu og lögð þar stétt sem á eftir að nýtast vel í framtíðinni. En þrátt fyrir að mikið hafi verið framkvæmt þá er fjárhagur félagsins góður líkt og koma mun fram þegar reikningar félagsins verða kynntir hér á eftir.

Að lokum vil ég þakka öllum sem lögðu hönd á plóg við að gera félagið okkar enn kröftugra og óska ég nýrri stjórn velfarnaðar með þá von í brjósti að félagið styrkist og dafni í þeirra höndum.

